



Hreppsnefnd 23.10.08

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 23. okt. 2008 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00. Á fundinn voru mætt Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Ármannsson, Borghildur Sverrisdóttir, Halldóra S. Árnadóttir, Björn Halldórsson, Kristín H. Reynisdóttir og Þórdís Þorbergsdóttir. Jafnframt voru mættir Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál Fundargerð hreppsnefndar frá 2. okt. sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 2. okt. sl. Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs undir 4. tl. fundargerðarinnar „HB Grandi framkvæmdir, breyting á deiliskipulagi“ Gerði hann grein fyrir því að fulltrúar HB Granda hyggðust vera með opinn borgarafund á þriðjudaginn 28. okt. nk., þar sem farið yrði yfir byggingaráform þeirra á Vopnafirði í máli og myndum. Hvatti hann til þess að sem flestir myndu mæta á þennan fund. Fundargerðin síðan samþykkt.

2. mál Fundargerð menningarmálanefndar frá 9. okt. sl.

Lögð fram fundargerð menningarmálanefndar frá 9. okt. sl. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. mál Fundargerð þjónustuhóps aldraðra frá 7. okt. sl.

Lögð fram fundargerð þjónustuhóps aldraðra frá 7. okt. sl. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. mál. Staða Vopnafjarðarhepps og stefna í ljósi efnahagsþrenginga þjóðarinnar.

Undir þessum lið verður m.a. fjallað um:

-Samráðsfund sveitarfélaga um efnahagsvandann haldinn 17. okt. 2008. -

-Bréf sveitarstóra til forstöðumanna frá 9. okt. sl.-

-Helstu verkefni sem í gangi eru -

-Fjármögnun verkefna, gjaldskrár o.fl.-

Lögð fram yfirlýsing samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og stjórnar sambands ísl. sveitarfélaga frá 10. okt. sl. Jafnframt lagt fram bréf sveitarstjóra frá 9. okt. sl. til forstöðumanna. Ennfremur lagðir fram minnispointar frá samráðsfundi sveitarfélaganna, sem haldinn var 17. okt. sl. Oddviti gerði grein fyrir fundinum og fyrirbyggjandi gögnum og kynnti tillögu að aðgerðaáætlun sveitarfélagsins, sem hann lagði fram og hljóðar svo:

„Tillaga að aðgerðaáætlun Vopnafjarðarhepps.

Á tímum óvissu í þjóðfélaginu er mikilvægt að standa vörð um hag stofnana og deilda Vopnafjarðarhepps. Þar skulu hin mannlegu gildi í hávegum höfð.

Alvarleg staða á alþjóðlegum mörkuðum, fyrirsjáanlega minnkandi tekjur Vopnafjarðarhepps vegna útsvars og minnkandi tekna frá Jöfnunarsjóði sem hugsanlega lækka vegna lægri tekna ríkissjóðs, aukinn rekstrarkostnaður og fleiri vísbendingar um þrengingar kalla á aðgerðaáætlun Vopnafjarðarhepps við þessar aðstæður.

Meginmarkmiðið er að ástunda ábyrga fjármálastjórn, tryggja grunnþjónustu og stöðugleika í

rekstri.

Hlutverk sveitarstjórnar er að fylgja eftir framgangi þessarar aðgerðaáætlunar, fylgjast reglulega með málum, hafa samráð og samstarf við Samband íslenskra sveitarfélaga, önnur sveitarfélög og ríkisvaldið til að tryggja hagsmuni Vopnafjarðarhepps í hvívetna við þessar sérstöku og erfiðu aðstæður.

Sveitarstjórn mun fylgjast grannt með atvinnumálum í bæjarfélaginu og leitast við að tryggja gott atvinnustig á Vopnafirði eins og frekast er kostur.

Áherslur í aðgerðaáætluninni verða notaðar sem fyrirmynd við gerð fjárhagsáætlunar allra stofnana og fyrirtækja Vopnafjarðarhepps.

Sveitarfélögin gegna mjög miklu hlutverki í velferðarþjónustunni á sviði fræðslu-, æskulýðs- og félagsþjónustu. Þessi þjónusta verður sett í forgang í góðu samráði við forstöðumenn viðkomandi stofnana og deilda.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhepps tekur undir yfirlýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 10. október sl. um að verja grunnþjónustuna. Einnig er tekið undir mikilvægi þess að endurskoða fjárhagsáætlanir og forgangsraða upp á nýtt.

Þrengri fjárhagsstöðu verður að svo stöddu ekki mætt með hækkunum á gjaldskrár fyrir grunnþjónustu eða með skerðingu á slíkri þjónustu.

Fjárheimildir verða ekki auknar á árinu 2008 heldur dregið úr innkaupum sem frekast er kostur, með það að markmiði að ná fram sparnaði strax. Ónýttar fjárheimildir deilda, skv. fjárhagsáætlun, verði ekki nýttar nema brýna nauðsyn beri til. Stóraukins aðhalds verður gætt í innkaupum. Í þeim efnum hefur verið sent út bréf til allra forstöðumanna dags. 9. okt. sl. og haldinn sérstakur fundur með þeim um þessi mál.

Leitast verður við að tryggja endanlega fjármögnun þeirra verka sem lokið er. Samstarf við Lánasjóð sveitarfélaga og aðrar fjármálastofnanir er mikilvægt í því tilliti. Jafnframt verður leitað leiða til sölu eigna til samræmis við áætlanir í fjárhagsáætlun ársins. Forgangsröðun framkvæmda verður endurskoðuð á árinu 2008.

Efla ber ráðgjöf og velferðarþjónustu á vegum Vopnafjarðarhrepps í samráði við félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs, sóknarprest, Rauða krossinn o. fl. aðila til að leiðbeina einstaklingum, fjölskyldum og fyrirtækjum sem í þrengingum kunna að lenda. Vopnafirði 23. okt. 2008.“

Í framhaldi fóru fram umræður um fyrirliggjandi gögn, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum. Fundarmenn voru samstíga um að allar ónauðsynlegar framkvæmdir yrðu stöðvaðar og aðhalds í rekstri gætt í hvívetna. Farið verði yfir möguleika á að lækka launakostnað sveitarfélagsins án þess að segja upp fólki og án þess að hreyfa við grunnþjónustunni. Samþykkt var að á sérstökum fundi í næstu viku verði farið yfir milliuppgjör eða endurskoðaða fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Þar verði tekin fyrir afmörkuð mál varðandi útgjöld sveitarfélagsins jafnt í framkvæmdum, launakostnaði og öðrum rekstrargjöldum. Kallað verði eftir ábendingum og hugmyndum forstöðumanna hinna mismunandi deilda í þessum efnum.

Fyrirliggjandi aðgerðaáætlun var síðan samþykkt samhljóða.

5. mál. Ýmis bréf og erindi.

a) Bréf Heilbrigðiseftirlits Austurlands frá 2. okt. sl., varðandi aðalfund 5. nóv. nk.

Samþykkt að fulltrúi sveitarfélagsins mæti á fundinn. Í ljósi ástands í þjóðfélaginu vill sveitarstjórn Vopnafjarðarhepps beina því til til stjórnar Heilbrigðiseftirlitsins að gjaldskrár verði ekki hækkaðar að svo stöddu.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

